

FRAMHALDSSKÓLINN Í  
VESTMANNAEYJUM

# Sálfræði 103

**Kennari:** .

**Lokapróf í sálfræði 103**

**Mánudaginn ! . . . . .**

**Prófið er 12 bls. með forsiðu**

**ATH. Lesið leiðbeiningarnar vel**

**Engin hjálpargögn**

**Takk fyrir veturinn og gleðilegt sumar ☺**

**Nafn:**.....

**Kennitala:**.....

**1. Hluti**

**Krossaspurningar 30%**

**Hver kross gildir 2%. Einungis einn svarmöguleiki er réttur.**

**1) Sálfræðin fjallar um**

- hegðun, hugsun og sjálfsmýnd
- tilfinningar okkar og annarra
- hugarstarfsemi
- siðfræði
- allt ofangreint er rétt

**2) Hvenær er álitð að sálfræðin hafi orðið að sjálfstæðri fræðigrein og hver hefur verið kallaður faðir sálfræðinnar?**

- Ivan Pavlov og árið 1897
- Herman von Helmholtz og árið 1979
- Wilhelm Woundt og árið 1879
- Albert Bandura og árið 1889

**3) Snemma á 20. Öldinni kom John Watson fram með**

- innsæisaðferðina sem rannsóknaraðferð í sálfræði
- það að atferlisstefnan væri vonlaus rannsóknaraðferð
- hugmyndir í sálfræði sem síðar nefndust atferlisstefnan
- þá hugmynd að hver maður sé einstakur og því verði að nálgast hann sem slíkan

**4) Hvaða fylgni er sterkust/mest?**

- 0,90
- 0,01
- 0,80
- 0

- 5) Í 50 manna fyrirtæki voru meðallaun á mánuði 150 þúsund krónur. Miðgildi teknanna var 140 þúsund kr., lægstu tekjurnar 70 þúsund kr. og spönnin 230 þúsund kr. Nú kom í ljós að lágmarkslaun voru 90 þúsund kr. og voru því laun þeirra starfsmanna sem voru með undir 90 þúsund kr. leiðrétt og hækkuð upp í 90 þúsund kr. Þessi leiðrétting hefur þau áhrif á tekjudreifingu í fyrirtækinu að
- meðaltalið hlýtur að hækka
  - miðgildið hlýtur að hækka
  - Spönnin hlýtur að lækka
  - liðir 1 og 2 eru réttir
  - liðir 1 og 3 eru réttir
- 6) Hverjar eru tvær megintegundir óminnis
- framvirkt óminni og léleg minnisfesting
  - léleg minnisfesting og afturvirkt óminni
  - blackout og svart minni
  - framvirkt óminni og afturvirkt óminni
- 7) Nürnberg-reglurnar voru settar
- til að allir sálfræðingar myndu nota stöðluð mælitæki við rannsóknir
  - af Pavlov og Freud
  - til að vernda rétt og hagsmuni þátttakenda í rannsóknum
  - til þess að vernda dýr í rannsóknum
- 8) Hvað á **EKKI** við um atferlisstefnuna?
- Leggja áherslu á að rannsaka hegðun en kanna ekki hugarstarf
  - Erfðir eru taldar skipta miklu máli
  - Ströng vísindahyggja
  - Telja nær alla hegðun lærða af umhverfinu

9) Hvað á við þegar talað er um óskilyrt áreiti?

- Viðbrögð eru lærð
- Laðar fram meðfædd viðbrögð
- óskilyrt áreiti alhæfist öðru áreiti
- Atriði númer 1 og 2 eru rétt
- Atriði númer 1, 2 og 3 eru rétt

10) Það minni sem einkennist af nákvæmri minningu um hvar og hvernig manni bárust fréttir um einhvern tilfinningatengdan atburð kallast...

- sjónuminni
- bergmálsminni
- leifturminni
- sjálfsminni

11) Það sem er utan meðvitundarinnar og ekki hægt að kalla fram í meðvitund með auðveldum hætti kallast?

- löghyggja
- lært úrræðarleysi
- Dulvitund
- Hula

12) Aðgerðaminni er:

- persónuleg reynsla, ævisöguleg skrá einstaklingsins yfir hið liðna, hvar og hvenær minningar urðu til.
- að vita hvernig maður framkvæmir ákveðna hluti, t.d. að hjóla
- ópersónuleg reynsla, þekking á veröldinni óháð því hvort við höfum upplifað hlutina sjálf.
- að hætta að taka eftir áreiti sem færir okkur engar nýjar upplýsingar

**13) Mannúðarsálfræði aðhyllist**

- Frjálstan vilja
- Væga löghyggju
- Eindregna löghyggju
- Eindregin vilja

**14) Mamma tuðar alltaf í Dúdda litla ef hann er ekki búinn að klára heimavinnuna sína fyrir kvöldmat. Til þess að koma í veg fyrir það að þurfa að hlusta á mömmu tuða lærir Dúddi alltaf um leið og hann kemur heim. Þetta er dæmi um...**

- viðbragðsskilyrðingu og „forðast tuð“ er jákvæð styrking
- virka skilyrðingu og „forðast tuð“ er neikvæð styrking
- virka skilyrðingu og heimavinnan er styrkingin
- viðbragðsskilyrðingu þar sem tuðið er óskilyrt áreiti

**15) Fimm ára barn brennir sig nokkrum sinnum á heitum potti á eldavélinni. Eftir það forðast það potta eins og heitan eldinn. Hvað eru pottarnir í þessu dæmi?**

- Skilyrt áreiti (SÁ)
- Óskilyrt áreiti (ÓÁ)
- Skilyrt svörun (SS)
- Óskilyrt svörun (ÓS)

**2. Hluti Tengingar 20%**

**Tengdu saman atriði sem fara saman, hver tenging gildir 1%.**

**1. (10%) Settu bókstafinn fyrir framan viðeigandi karl**


___ Charles Darwin	a) Fjölgreindarkenningin
___ Ivan Pavlov	b) Mannúðarsálfræði
___ Wilhelm Wundt	c) Ödipusarduld
___ William James	d) Virknihyggja (Hlutverkastefna)
___ Franz J. Gall	e) Viðbragðsskilyrðing
___ Howard Gardner	f) Mældi hraða taugaboða
___ Hermann von Helmholtz	g) Höfuðlagsfræðin
___ Carl Rogers	h) Formgerðarstefnan
___ Sigmund Freud	i) Virk skilyrðing
___ Barrhus Frederic Skinner	j) Upprunni tegundanna

**2. (5%) Tengdu saman sálfræðisjónarmið og lýsingar á því hvernig reynt er að breyta eða bæta hegðun manna. Settu númer sjónarmiðanna í auða reitinn fyrir framan viðeigandi lýsingu.**

1	Líffræðilega sjónarmiðið	Reyna komast að því með viðtali hvaða tilfinningar eða hvatir í dulvitund valda hegðuninni og reyna síðan að beina þeim í jákvæðari farveg
2	Hugræna sjónarmiðið	Gefa lyf eða beita öðrum aðferðum sem virka beint á heilastarfsemina (taugakerfið)
3	Sálgreiningarsjónarmiðið	Breyta aðstæðunum t.d umbuna fyrir æskilega hegðun þannig að hún lærist í stað þeirrar óæskilegu
4	Atferlissjónarmiðið	Stuðla að því að einstaklingurinn fái að njóta sín sem best þ.e fái að sjálfbirtast
5	Mannúðarsjónarmiðið	Breyta túlkun einstaklingsins á aðstæðum þ.e breyta hugsunarhætti

3. (5%) Settu eftirfarandi hugtök í viðeigandi ramma í skipuritinu hér fyrir neðan. (hvert hugtak á að fara inn í einhvern ramma)

- |  |  |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Langtímaminni       | <input type="checkbox"/> Dulið minni       |
| <input type="checkbox"/> Ljóst minni         | <input type="checkbox"/> Aðgerðaminni      |
| <input type="checkbox"/> Merkingarminni      | <input type="checkbox"/> Viðvani           |
| <input type="checkbox"/> Viðbragðsskilyrðing | <input type="checkbox"/> Persónulegt minni |





3) Segðu frá upphafi greindarprófa, hverjir voru upphafsmenn og hvaða kosti og galla hafa/höfðu slík próf

4) a) Í hverju felst **löghyggja** í sálfræði b) og hvaða þrjár sálfræðistefnur eða sjónarmið flokkast undir það að vera **eindregin** löghyggja?

**5. Hluti**

**Ritgerðarspurningar 30%**

**Hver spurning gildir 10%**

1. Veldu **eina stefnu**, skilgreindu helstu hugtök og nefndu helstu kennismiði (10%)
  - a) Mannúðarsálfræði
  - b) Sálgreiningarkenningin

2. Veldu **eitt ritgerðarefni** af tveimurog fjallaðu ítarlega um það, gerið ýtarlega grein fyrir *helstu hugtökum* og komið með *dæmi* (10%)
- a) Viðbragðsskilyrðing
  - b) Virk skilyrðing

3. Fjallaðu um **Minnið** á ítarlegan hátt. Þar eiga helstu hugtök að koma fram og útskýringar á þeim, fjalla á um *minnisprepin* og *minniskerfin* (10%)